

Alþingi
Erindi nr. P 139/853
komudagur 9.12.2010

Góðan dag.

Með tveimur tölvubréfum ríkislögreglustjóra til nefndasviðs Alþingis, bæði dagsett 14. september sl., var annars vegar skilað umsögn um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda o.fl. (kyrrsetning eigna), 693. mál, samkvæmt beiðni efnahags- og skattanefndar 8. september sl., og hins vegar minnisblaði til formanns nefndarinnar um kyrrsetningu, einnig samkvæmt beiðni í tölvubréf dagsett sama dag.

Með nýju tölvubréfi nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra, dagsett 30. nóvember sl., er leitað umsagnar um sama frumvarp sem nú er 210. mál.

Af þessu tilefni er vísað til fyrri umsagnar ríkislögreglustjóra og minnisblaðsins sem nú á við um 210. mál.

Hér að neðan er bréf ríkislögreglustjóra til nefndasviðs Alþingis, dagsett 15. september sl., en fyrrnefnd umsögn og minnisblaðið fylgdu bréfinu til nefndasviðs. Bréf um þetta efni og afrit hinna eldri verður póstlagt.

Reykjavík, f.h. RLS,

Gísli Pálsson

Fylgigögn:

Reykjavík 15. september 2010

Tilvísun: 2010090055

50.03

Tilvísun yðar:

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn ríkislögreglustjóra

Hjálagt sendist nefndasviði Alþingis umsögn embættis ríkislögreglustjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna), á þingskjali 1456 - mál 693. Umsögn embættisins var send með tölvupósti til nefndasviðsins 14. september sl.

Þá fylgir minnisblað til formanns efnahags- og skattanefndar, sbr. tölvupóst 8. september sl. um það efni, sem einnig var sent með tölvupósti 14. september sl.

F.h. RLS

Thelma Clausen Þórðardóttir / Gísli Pálsson

Reykjavík, 14. september 2010.

Tilvísun: 2010090055

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna). Þingskjal 1456 – mál 693.

Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að kyrrsetja eignir gjaldanda og annarra sem grunur leikur á að gerst hafi sekir um refsiverða háttsemi samkvæmt 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 40. gr. virðisaukaskattslaga og 19. gr. laga um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum. Af hálfu efnahags- og skattanefndar er sérstaklega óskað eftir álitum ríkislögreglustjóra á því hvort eðlilegt sé að bera uppi kröfu um kyrrsetningu til tryggingar greiðslu fésekta og sakarkostnaðar.

Verði frumvarpið að lögum má ætla að framkvæmd laganna verði svipuð og nú er hvað varðar sambærilegt ákvæði í 88. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. áður 85. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Helst hefur verið krafist kyrrsetningar á grundvelli ákvæðisins þegar ætla má að krafa verði gerð um upptöku á ólögsmætum ávinningi af broti og er þá jafnframt krafist kyrrsetningar til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og eftir atvikum fésekta. Hafa þarf í huga að í mörgum tilvikum er verið að fara fram á kyrrsetningu á öllum eigum sakbornings og því er eðlilegt með hliðsjón af meðalhófsreglum að fjármunir renni fyrst upp í greiðslu sakarkostnaðar áður en þeir eru gerðir upptækir í ríkissjóð.

Bæði sakarkostnaður og fésektir kunna að nema háum fjárhæðum. Sjái gjaldandi fram á að niðurstaðan geti orðið háar fésektir má ætla að algengt verði að uppfyllt séu skilyrði ákvæðisins um að hætta þyki á því að eignum verði skotið undan. Einnig kann að vera fyrir hendi hætta á að eignir glatist eða rými að mun þar sem málsmeðferðartími þessara mála hefur almennt verið langur. Í ljósi þessa er það mat ríkislögreglustjóra að full ástæða sé til að hafa heimild til kyrrsetningar til tryggingar greiðslu fésekta og sakarkostnaðar í skattalögum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Af hálfu ríkislögreglustjóra eru að öðru leyti ekki gerðar athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

F.h. RLS

Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari í efnahagsbrotadeild

Reykjavík 14. september 2010

Tilvísun: 2010090055

50.03

Tilvísun yðar:

Helgi Hjörvar alþingismaður
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Minnisblað saksóknara vegna þskj. 1456-693. mál

Vegna framvarps til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur á þann veg að sett verði inn í lögina heimild til kyrrsetningar eigna, hefur af hálfu formanns efnahags- og skattanefndar Alþingis verið óskað eftir minnisblaði frá ríkislögreglustjóra um hvaða sjónarmið eru ráðandi við túlkun á ákvæði 88. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og hvernig framkvæmd þess hefur verið háttáð. Samkvæmt 88. gr. laga um meðferð sakamála er heimilt að krefjast kyrrsetningar til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku ávinnings sem aflað hefur verið með broti ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að muna.

Sambærileg heimild hefur lengi verið í lögum en undanfarið hefur notkun hennar aukist jafnt og þétt.

Hvorki í greinargerð með lögum um meðferð sakamála né greinargerð með eldri sambærilegum lögum er notkunarsvið heimildar til kyrrsetningar takmarkað. Í framkvæmd hafa hins vegar þróast venjur um það hvenær úrræðinu er beitt að uppfylltum skilyrðum ákvæðisins.

Kyrrsetningu hefur helst verið beitt í málum þar sem grunur leikur á því að framin hafi verið alvarleg efnahagsbrot en í þessum málum er algengt að sakborningur valdi miklu fjárhagstjóni með háttsemi sinni og auðgíst trúlega sjálfir að sama skapi. Einnig hefur úrræðinu verið beitt í stórfelldum fíkniefnabrotum þar sem ágóði af broti eða jafnvel af langvarandi brotastarfsemi hefur safnast á hendur sakbornings.

Þegar ákvörðun er tekin um það hvort fara eigi fram á kyrrsetningu fjármuna hefur verið haft að leiðarljósi hvert umfang máls er og hvort líklegt sé að skilyrði fyrir upptöku fjármuna verði fyrir hendi. Í framkvæmd hafa því myndast ákveðin neðri mörk og hefur ákærvaldið því ekki kyrrsett eignir allra sakborninga með það eitt í huga að tryggja greiðslu sakarkostnaðar þegar skilyrði ákvæðisins eru uppfyllt.

Algengast er að farið sé fram á kyrrsetningu eigna þegar fyrir hendi er möguleiki á upptöku ólögmæts ávinnings.

Til hliðsjónar er bent á dóm Hæstaréttar í máli nr. 73/2010. Sakborningur í máli þessu sætti rannsókn hjá embætti sérstaks saksóknara vegna ætlaðra brota gegn lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, og vegna rannsóknarinnar voru kyrrsettar innistæður á bankareikningi hans. Sakborningur krafðist þess fyrir héraðsdómi á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála að gerðin yrði felld úr gildi. Héraðsdómur hafnaði kröfunni og Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu og varðar dómurinn það ágreiningsmál.

Einnig er til hliðsjónar bent á dóm Hæstaréttar í máli nr. 312/2000. Við rannsókn málsins voru kyrrsettar eignir sakborninga í umfangsmiklu fíkniefnamáli og þær síðan endanlega gerðar upptækar með dómi Hæstaréttar.

Með lögum nr. 149/2009 voru settar víðtækari heimildir til upptöku eigna en áður hefur verið og má ætla að það leiði til aukinnar notkunar á úrræðinu.

Dæmi eru um að kyrrsetningu hafi verið beitt eingöngu til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar en þá í þeim tilvikum þegar ætla má að sakarkostnaður verði hár.

Í sumum tilvikum hefur hins vegar sönnunarstaða máls leitt til þess að kyrrsettir fjármunir stóðu á endanum einungis til tryggingar sakarkostnaði þrátt fyrir að til hafi staðið að gera fjármuni upptæka þegar kyrrsetningin var framkvæmd og þá talið að skilyrði upptöku gæti orðið til staðar þegar málið yrði fullrannsakað. Til hliðsjónar er bent á dóm Hæstaréttar í máli nr. 150/2009. Í því máli voru fjármunir tveggja sakborninga sem grunaðir voru um stórfelld fíkniefnabrot haldlagðir til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og upptöku ólögmarks ávinnings. Eftir að rannsókn málsins lauk kom í ljós að ekki voru skilyrði fyrir upptöku en lög nr. 149/2009 höfðu þá ekki tekið gildi.

Rétt er að vekja athygli á því að eftir að dómur fellur í sakamáli og áður en slíkur dómur verður aðfararhæfur er fyrir hendi sá möguleiki að taka fjármuni sakbornings löggeymslu til tryggingar greiðslu dæmde sakarkostnaðar á grundvelli 23. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu lögbann o.fl.

F.h. RLS

Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari í efnahagsbrotadeild